



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 12. ágúst 2024
24042036/005.05 GEF

Efni: Vesturvör 38a og b. Svar við fyrirspurn.

Á 3.171 fundi bæjarráðs, dags. 18. apríl 2024, var óskað eftir upplýsingum um hvenær gert er ráð fyrir að skipulagsáform liggi fyrir á lóðunum Vesturvör 38a og b og hvenær tímafrestur lóðarhafa rennur út. Var samþykkt að vísa erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa. Þar sem um er að ræða málefni er varðar lóðarúthlutun, sem er hluti af verkefnum skrifstofu sviðsstjóra í samstarfi við lögfræðideild óskaði skipulagsfulltrúi eftir aðkomu skrifstofu sviðsstjóra umhverfissviðs til þess að svara framangreindu erindi.

Á fundi bæjarstjórnar 22. júní 2021 var samþykkt að úthluta lóðunum Vesturvör 38a og b til Nature Experiences ehf. Var lóðinni formlega úthlutað með bréfi þess efnis, dags. 20. október 2021.

Þann 9. febrúar 2024 var undirritað samkomulag á milli Kópavogsbæjar og Nature Experience um breytingar á úthlutunarskilmálum byggingarréttar og gjalda vegna lóðanna Vesturvarar 38 a og b. Samkvæmt því samkomulagi er gert ráð fyrir að vinna við deiliskipulagsbreytingu hefjist eigi síðar en í árslok 2025. Þá er tekið fram að ef lóðarhafar hafi ekki sótt um breytingu á deiliskipulagi fyrir árslok 2025 sé Kópavogsbæ heimilt að afturkalla lóðarúthlutunina. Þá er jafnframt tekið fram í greindu samkomulagi að samhliða deiliskipulagsvinnu verði gert samkomulag um uppbyggingu svæðisins. Hefur því framkvæmdartími eða lok hans ekki verið skilgreindur að svo stöddu.

Meðfylgjandi er afrit af greindu samkomulagi, dags. 9. febrúar 2024.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

